

VIÐAUKI VIÐ ÚTGÁFULÝSINGU

skuldabréfa sem gefin eru út í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. samanber
útgáfulýsingu dags. 23. júlí 2013

Breyting á 2. kafla útgáfulýsingarinnar „Upplýsingar um útgáfuna“

Skuldabréf FIF 13 01 - Útgefandi FÍ Fasteignafélag slhf.

Gildistaka 29. ágúst 2013

1 Útgefandi skuldabréfanna

Viðauki þessi varðar verðtryggð skuldabréf sem gefin eru út undir flokki sem auðkenndur er sem FIF 13 01 með ISIN kóðann IS0000022770 (hér eftir „skuldabréf“). Útgefandi skuldabréfanna er FÍ Fasteignafélag slhf., kt. 571212-0210, með skráð aðsetur og höfuðstöðvar að Katrínartúni 2, 105 Reykjavík (hér eftir „útgefandi“).

2 Breytingar á 2. kafla útgáfunnar „Upplýsingar um útgáfuna“

Útgefandi hefur ákveðið að gera eftirfarandi breytingar á orðalagi skilgreininga í kafla 2.2. „Auðkenni útgáfunnar, nafnverð svo og önnur skilyrði sem varða útgáfuna og skuldbinda útgefanda“, í öðrum kafla útgáfulýsingarinnar sem nefnist „Upplýsingar um útgáfuna“:

- 2.1 Skilgreiningunni „Nafnvextir“ er breytt í „Vextir“. Skilgreiningin hljóðar svo eftir breytingu:

Vextir: 5,00% fastir ársvextir.

- 2.2 Skilgreiningunni „Greiðsla vaxta og höfuðstóls“ er breytt þannig að orðalaginu „af verðtryggðum höfuðstól“ er bætt inn í fyrstu setningu, og hljóðar því skilgreiningin svo eftir breytingu:

Greiðsla vaxta og höfuðstóls:

Vextir greiðast fjórum sinnum á ári, af verðtryggðum höfuðstól, en höfuðstóll greiðist á lokagjalddaga þann 1. ágúst 2028, sbr. þó (i) heimild útgefanda til þess að fyrirframgreiða útgáfuna að hluta eða að fullu áður en að lokagjalddaga er komið að tilteknum skilyrðum uppfylltum og (ii) skyldu til að ráðstafa söluandvirði við sölu á undirliggjandi fasteign til þess að greiða upp eftirstöðvar þess hluta skuldabréfaútgáfunnar sem skilgreindur var til fjármögnunar viðkomandi eignar að svo miklu leyti sem söluandvirði leyfir.

- 2.3 Í skilgreiningunni „Trygging“ er tekinn út textinn „félagsins, sem fjármagnaðar hafa verið með skuldabréfaútgáfu þessari“. Hljóðar því skilgreiningin svo eftir breytingu:

Trygging: Allar undirliggjandi fasteignir skulu veðsettar skuldabréfaeigendum með þinglýstu tryggingarbréfi.

Tryggingarbréfinu skal þinglýst í fasteignabók hvernar fasteignar útgefanda í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

2.4 Í skilgreiningunni „Fullnusta“ er málsgrein „ii“) skipt upp þannig að síðasti hluti textans fær kaflaheitið „iii“). Hljóðar því skilgreiningin svo eftir breytingu:

Fullnusta: Verði skuldabréfin gjaldfelld samkvæmt framansögðu, skal veðgæsluaðila veitt umboð af hálfu skuldabréfaeigenda á samráðsfundi (sem útgefandi er skuldbundinn til þess að boða til í kjölfar tilkynningar um gjaldfellingu í samræmi við ofangreindan kafla um „Samráðsfundi skuldabréfaeigenda“), sem skal innihalda heimild til að framkvæma eftirfarandi aðgerðir:

- i) Innheimtu og aðrar fullnustuaðgerðir gegn félaginu fyrir hönd skuldabréfaeigenda, þ.m.t. til þess að senda greiðsluáskorun, senda beiðni um nauðungarsölu sbr. lög um nauðungarsölu nr. 90/1991 og aðrar nauðsynlegar athafnir til þess að leita fullnustu samkvæmt tryggingarbréfinu.
- ii) Móttöku fjármuna af sölu fasteigna útgefanda á grundvelli laga nr. 90/1991.
- iii) Heimild til að greiða skuldabréfaeigendum eins og þeir eru skráðir hjá Verðbréfaskráningu Íslands á þeim degi sem vörsluaðili móttækur söluandvirði hinna veðsettu eigna í samræmi við eignarhlut hvers og eins í skuldabréfaútgáfunni (*pro rata*).

3 Samþykki breytinga á skilgreiningum í kafla 2.2 útgáfulýsingar

Viðauki þessi var samþykktur af útgefanda skuldabréfaflokksins. Umsjónaraðili skilmálabreytinga í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. staðfestir framangreint samþykki.

4 Ábyrgðaraðilar viðauka við útgáfulýsingu

Nöfn og kennitölur þeirra sem bera ábyrgð á viðauka vegna skilmálabreytingar:


Útgefandi: FÍ Fasteignafélag slhf., kt. 571212-0210

Umsjónaraðili skilmálabreytingar í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf:


MP banki hf. – Fyrirtækjaráðgjöf, kt. 540502-2930

5 Staðfesting viðauka við útgáfulýsingu

Reykjavík 28. ágúst 2013



F.h. FÍ Fasteignafélags slhf.
sem útgefanda



F.h. MÞ banka hf.
sem umsjónaraðila skilmálabreytingar í
kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf.